Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 K/S 26.6.17
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
801 Selfoss

Mál nr. 68/2017

Reykjavík 23. júní 2017.

Meðfylgjandi er afrit kæru, dags. 21. júní 2017, þar sem kærð er ákvörðun um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi á hjólhýsasvæði í landi Skriðufells.

Með vísan til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þess óskað að úrskurðarnefndinni verði send gögn er málið varða innan 30 daga frá dagsetningu bréfs þessa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, og er sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kæruna til sama tíma.

Virðingarfyllst,

Helena Þráins

Helena Þráinsdóttir ritari

Úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

MÓTTEKIÐ
21. JÚNÍ 2017
Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Reykjavík 21. júní 2017

**Varðar: Kæra vegna breytinga á skilmálum á deiliskipulagi á hjólhýsasvæði, Skriðufelli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Undirrituð gætir hagsmuna Félags leigutaka hjólhýsastæða í landi Skriðufells kt. 581114-0520 og kærir fyrir hönd félagsins samþykki Skipulags- og byggingarfulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um breytingu á skilmálum á deiliskipulagi í landi Skriðufells, sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 23. maí 2017.
Gera umbjóðendur mínir kröfu um að breyting á deiliskipulaginu verði felld úr gildi.

Undirrituð er að bíða eftir frekari gögnum til framlagningar og stuðnings greinargerð með kæru og óskar eftir fresti til þess að leggja fram gögn síðar.

Virðingarfyllst

Kolbrún Garðarsdóttir hdl.

VALVA LÖGMENN
+354 527 1600
www.valva.is
Austurstræti 17,
101 Reykjavík